



Félag íslenskra
sjúkraþjálfara

Fréttamolar FÍSP

Efnisyfirlit:

Fréttir og tilkynningar

Framundan hjá FÍSP

Sjúkraþjálfun á Landakoti

Rós FÍSP

Málþing 13.maí

Frá fundi vegna breytinga á reglugerð um veitingu sérfræðileyfa í sjúkraþjálfun

Hvað er framundan??

- 28.apríl: Næsti fundur stjórnar
- 29.apríl: Afhending styrkja úr Vísindasjóði FÍSP
- Fundir stjórnar með fræðslunefnd, heimasíðunefnd og ritnefnd
- 5.-6. maí: Norænn fundur sjúkraþjálfarafélaga
- 13.maí: Málþing um hreyfingu sem meðferðarform
- Sjá hin ýmsu námskeið í boði á physio.is

Fréttamolar FÍSP

Það eru sjúkraþjálfarar á Landakoti sem standa fyrir fréttabréfinu að þessu sinni.

Skorað hefur verið á sjúkraþjálfara

hjá sjúkraþjálfun Táp ehf. að senda inn efni fyrir næsta fréttabréf og jafnframt það síðasta fyrir sumarfrí.

Stjórn FÍSP óskar þér og þínum gleðilegra páska!



Fréttir og tilkynningar

Félagsgjöld

Eins og fram kom á aðalfundi er félagið að skipta um bókhaldskerfi og því hefur dregist að senda út rúkkun fyrir félagsgjöldum. Félagsmenn eru beðnir velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda en rúkkun fyrir félagsgjöldum ætti að birtast í heimabanka félagsmanna um eða eftir páska. Félagsmenn fá ekki lengur senda heim greiðsluseðla eins og áður hefur komið fram nema þeir óski þess sérstaklega. Þeir félagsmenn sem það kjósa vinsamlegast hafi sambandi við Ásu Dagnýju, gjaldkera félagsins gjaldkeri@physio.is

Fundur stjórnar félaga sjúkraþjálfara

Stjórnir félaga sjúkraþjálfara hittust 25. mars s.l. m.a. til þess að ræða um áframhald á sameiningarferli félaganna. Stjórnirnar urðu ásáttar um að leita tilboða hjá lögfræðingum sem gætu aðstoðað félögin varnaði næstu skref.

Breytingar á netfangi?

Við viljum biðja félagsmenn vinsamlegast að uppfæra netföngin sín á physio@physio.is hafi orðið breyting þar á undanfarið.

Sjúkrahjálfun á Landakoti

Í sjúkrahjálfun Landspítala Landakoti, starfa 14 sjúkrahjálfarar, 2 aðstoðarmenn og 1 ritari. Flestallir sjúkrahjálfararnir eiga langan starfsferil að baki og fjórir hafa lokið mastersgráðu, tveir í sjúkrahjálfun, einn í myndlist og frönsku og einn í fötlunarfræði.

Deildin er til húsa á þriðju hæð í eldri álmu gamla St. Jósefsspítala sem tekin var í notkun árið 1935 en spítalinn hóf starfsemi sína árið 1902.

Húsnæði deildarinnar tengist uppruna starfseminnar á Landakoti því þar var áður kapella systranna. Enn má þar sjá menjar um kaþólskan sið, því krossar eru víða og gler í gluggum eru prýdd fallegum listaverkum úr sögu kristinnar eftir myndlistamanninn Baltasar.

Í þessu húsnæði fer fram öflug þjálfun aldraðs fólks sem kemur inn á spítalann til greiningar, meðferðar og endurhæfingar. Á Landakoti hefur verið þróuð samfella í þjónustunni. Þannig eru fjórar legudeildir sem eru opnar alla daga, ein fimmdaga deild (lokuð um helgar), dagdeild og loks göngudeild. Fólk sem leggst inn á legudeild eftir veikindi, brot eða önnur áföll getur við útskrift haldið áfram tímabundið á dagdeild og fengið þar þjálfun og læknisþjónustu. Sjúkrahjálfarar starfa á öllum deildum spítalans. Öll starfsemi Landakots einkennist af þverfaglegri samvinnu og teymisfundir eru haldnir vikulega. Sjá nánar um öldrunarþjónustu spítalans hér: <http://innri.lsh.is/Starfsemin/Klinisk-svid/Lyflaekningasvid/I/Oldrunarsvid>

Á göngudeild sjúkrahjálfunar á Landakoti er starfrækt sérhæfð móttaka fyrir einstaklinga á öllum aldri sem glíma við jafnvægistruflanir og svima. Þar hafa sjúkrahjálfararnir Dr. Ella Kolbrún Kristinsdóttir og Bergþóra Baldursdóttir MS þróað nýja þjálfunaraðferð sem beinist að örvin skynkerfa, samþættingu skynupplýsinga og þjálfun fallviðbragða. Það voru rannsóknarniðurstöður Ellu Kolbrúnar á breytingum á jafnvægi hjá öldruðum sem urðu kveikjan að þessari nýju þjálfunaraðferð. Þjálfunin hefur reynst árangursrík fyrir aldraða en einnig einstaklinga á öllum aldri með truflanir í starfsemi jafnvægiskerfis innra eyra, raskanir á jafnvægi í kjölfar háls- og höfuðáverka og ýmsa sjúkdóma í mið- og úttaugakerfi. Á göngudeild sjúkrahjálfunar er jafnvægi metið, veitt ráðgjöf og boðið upp á þjálfun. Notuð eru ýmis klínísk próf og jafnvægisstjórnun mæld í SMART Balance Master® tæki. Unnt er að panta tíma í jafnvægisgreiningu og ráðgjöf í s. 543-9843.



Landakot


Fræðslumyndband um jafnvægi og jafnvægisþjálfun er unnt að kaupa í sjúkraþjálfuninni á Landakoti og á skrifstofu FÍSP. Ella Kolbrún og Bergþóra hafa einnig staðið fyrir námskeiðum í þjálfun jafnvægis fyrir sjúkraþjálfara og aðra fagaðila.



Annað fræðslumyndband er til sölu á Landakoti en það er um heilabilun og nefnist Hugarhvarf. Þórunn Bára Björnsdóttir, sjúkraþjálfari tók þátt í gerð þess og er það ætlað sjúklingum og aðstandendum. Hægt er að panta myndbandið í síma 543 9410.

Mánaðarlega eru fræðslufundir innan deildar um áhugaverð fagleg málefni og núna síðast var Jarþrúður Þórhallsdóttir með framsögu um gaumstol. Vikulega er þverfagleg fræðsla á Landakoti á vegum rannsóknarstofu í öldrunarfræðum kl. 12.30 á fimmtudögum sem er öllum opin.

Verk fleiri listamanna en Baltasar prýða Landakot. Komið hefur verið upp svæði fyrir tímabundnar listsýningar í miðrymi spítalans og hafa 5 listamenn sýnt þar verk sín. Nú stendur yfir sýning Þórunnar Báru sjúkraþjálfara og myndlistarmanns og verður fram á sumar.



Starfsandinn í sjúkraþjálfuninni er góður og ýmislegt gert til að halda uppi gleði og glaumi. Til dæmis er árlega farin dagsferð út fyrir höfuðborgarsvæðið ásamt samstarfsfólki í iðjuþjálfun. Þá er gjarnan tekinn léttur göngutúr, fræðst um staðhætti, borðaður góður matur og notið lífsins.





Nefnd vegna breytinga á reglugerð vegna veitingu sérfræðileyfa í sjúkraþjálfun fær rósina að þessu sinni!

Félag Íslenskra sjúkraþjálfara
Engjavegi 6
www.physio.is

Stjórn FÍSP

Héðinn Jónsson, formaður
Arna E. Karlsdóttir, varaformaður
Ása Dagný Gunnarsdóttir, gjaldkeri
Unnur Árnadóttir, ritari
Anna S. Smáradóttir, meðstjórmandi

Hreyfing sem meðferðarform

Málþing á Reykjalundi 13. maí 2011 kl.13-16


Nú blása frískir vindar og nýjar upplýsingar hafa komið fram varðandi notkun hreyfingar til meðferðar við hinum ýmsu sjúkdómum. Félag Íslenskra Endurhæfingarlækna (FÍE), Félag Íslenskra Heimilislækna (FÍH) Félag Íslenskra Sjúkraþjálfara (FÍSP) og Lýðheilsustöð standa því fyrir málþingi á Reykjalundi föstudaginn 13. maí 2011.

Aðalfyrirlesari málþingsins verður Dr. Ingibjörg Jónsdóttir dósent við "Institute of Stress Medicine" í Gautaborg.

Fundurinn er ókeypis en þeir sem vilja taka þátt vinsamlega tilkynnið þátttöku til Örnú Elísabetar Karlsdóttur sjúkraþjálfara með netpósti; pósthfang: arnaek@reykjalundur.is

ATH!

Málþingið verður sent út með fjarfundarbúnaði til Háskólans á Akureyri, á Ísafirði og á Egilsstöðum (nánari staðsetning liggur fyrir síðar).



Félagsfundur um breytingar á reglugerð um veitingu sérfræðileyfa í sjúkraþjálfun

Miðvikudaginn 6. apríl boðaði stjórn FÍSP til fundar vegna breytinga á reglugerð um veitingu sérfræðileyfa í sjúkraþjálfun. Á vegum félagsins hefur verið starfandi nefnd sem unnið hefur tillögur að breytingum á reglugerðinni. Auk þess sem nefndin hefur lagt mikla vinnu í að skilgreina nánar hvað felst í því að vera sérfræðingur í sjúkraþjálfun. Fundarmenn voru sammála um það að nefndin hefði unnið mjög gott og þarft starf og vill stjórn FÍSP taka undir það. Á fundinum sköpuðust miklar umræður um nafngiftir sérfræðileyfa og voru skiptar skoðanir á því máli. Ekki komst botn í málið á fundinum. Félagsmenn eru hvattir til þess að kynna sér efnið frá nefndinni. Efnið má nálgast á innri vef félagsins undir sérfræðiviðurkenning.

